

Fundur var haldinn í sameiningarnefnd Austur-Húnavatnssýslu þann 25. febrúar 2020 í Bjarmanesi á Skagaströnd .

Á fundinn voru mættir eftirfarandi aðilar

frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir

frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir,

frá Blönduósbæ: Valdimar O. Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Birna Ágústsdóttir,

frá Skagabyggð: Magnús Björnsson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir sem tók þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fulltrúar RR ráðgjafar, Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson sátu einnig fundinn.

Jón Gíslason formaður nefndarinnar stjórnaði fundinum og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri Skagastrandar ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta nefndarfundar dags. 5. desember sem lögð var fram til samþykktar. Fundargerð var samþykkt án athugasemda.

2. Minnisblað eftir fundi með sveitarstjórnnum.

Fyrir fundinum lá Minnisblað RR ráðgjafar dags. 20. febrúar 2020 þar sem reifaðir eru þeir fundir sem RR ráðgjöf hefur átt með sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga að sameiningarnefndinni. Ráðgjafar RR ráðgjafar fóru yfir aðdraganda fundanna og niðurstöður þeirra. Fram kom að ákveðnir fyrirvarar hefðu verið settir fram í tengslum við töku ákvörðunar um formlegar viðræður og ýmis atriði sem þarf að rýna áður en lengra er haldið.

Ósk sveitarstjórnar Skagastrandar laut að því að unnið yrði að því að finna samhljóm og sameiginlega megin hagsmuni á svæðinu. Þá kom fram ósk sveitarstjórnar Húnavatnshrepps um að mörkuð verði stefna varðandi framtíðarverkefni á Húnavöllum ef skólahald leggst þar af. Umræður urðu um minnisblaðið og efni þess.

Halldór vakti máls á því að mikilvægt væri að komast að niðurstöðu um meðferð þeirra fjármuna sem Sveitarfélagið Skagaströnd á. Umræður urðu um möguleika á því að tryggja að þeir fjármunir yrðu nýttir til uppbyggingar á innviðum á Skagaströnd sem myndu þó nýttast svæðinu öllu til góða.

3. Samskiptasáttmáli verkefnisins

Rætt var um tilgang og innihald samskiptasáttmála verkefnisins. Slíkur sáttmáli nær til þeirra sem sitja í nefndinni og starfa með henni í þágu verkefnisins. Samþykkt var að ráðgjafar myndu senda drög að slíkum sáttmála á nefndina í kjölfar fundar.

4. Áhersluatriði og hagsmunagreining

Umræður urðu um helstu áhersluatriði og hagsmuni sem sveitarfélögin telja mikilvægt að verði í forgrunni í vinnu nefndarinnar og áhersla verði lögð á í samskiptum við ríki og Alþingi. Var ráðgjöfum falið að vinna frumdrög að hagsmunagreiningu.

5. Aðild annarra sveitarfélaga að viðræðunum

Umræður urðu um hvort að kanna ætti áhuga annarra sveitarfélaga á þátttöku í sameiningarviðræðum. Borin var upp tillaga þess efnis að bjóða Húnaþingi – vestra, Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi formlega að viðræðunum. Sú tillaga var samþykkt samhljóða og var formanni nefndarinnar og ráðgjöfum falið að senda framangreindum sveitarfélögum erindi þess efnis.

6. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. (Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga).

Farið var yfir efni frumvarpsins og það rætt. Fram kom m.a. að skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að íbúafjöldi sveitarfélaga nái 1.000 manns fyrir árið 2026 og er einnig mælt fyrir um bráðabirgðaákvæði þess efnis að íbúafjöldi skuli nema 250 manns fyrir 2022. Þá segir að ráðherra skuli hlutast til um að sameina sveitarfélög sem ná ekki tilsettum mælikvörðum innan 2 ára frá framangreindu marki. Þá var rætt um ákvæði er varðar sameiningarframlag jöfnunarsjóðs og heimild sjóðsins til þess að halda eftir milljarði árlega í 15 ár til þess að standa straum af slíkum kostnaði. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að ekki verði dregið úr öðrum framlögum samhliða og að Jöfnunarsjóði verði tryggður nýr tekjustofn til þess að mæta þessum skuldbindingum.

7. Önnur mál

a) Samningur við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn sem fulltrúum var falið að kynna sér fyrir næsta fund nefndarinnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 18:15

Jón Gíslason

Halldór G. Ólafsson

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Alexandra Jóhannesdóttir

Guðmundur Haukur Jakobsson

Ragnhildur Haraldsdóttir

Valdimar O. Hermannsson

Birna Ágústsdóttir

Magnús Björnsson

Kristín Björk Leifsdóttir